

A 1836/tillväxt**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um:

**þingmannatillögu
um norrænan flugskatt****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1836/tillväxt um norrænan flugskatt

Bakgrunnur

Norræn vinstri græn lögðu fram þingmannatillögu um norrænan flugskatt. Tillagan hefur eftirfarandi tillögulið:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún kanni með hvaða hætti unnt sé að skattleggja flugvélaeldsneyti á Norðurlöndum og marki norræna stefnu til að draga úr losun frá flugsamgöngum á Norðurlöndum.

Rökstuðningur

Norðurlönd vilja vera fyrirmynd í umhverfisvernd og baráttu gegn hnattrænni hlýnun. Norræna ráðherranefndin leggur mikið upp úr sjálfbærri þróun í framtíðarsýn sinni um Norðurlönd 2030 og græn Norðurlönd eru eitt af þremur áherslusviðum. Norrænum stjórnmalaleiðtogum verður tíðrætt um að Norðurlönd eigi að taka alþjóðlega forystu í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Samgöngur eru eitt þeirra sviða sem eiga hvað mestan þátt í hnattrænni hlýnun. Flugíð liggur að baki 4–5 prósentum af hnattrænni losun gróðurhúsalofttegunda. Þar að auki eykst losun einna hraðast á sviði flugsamgangna.

Samkvæmt rannsókn European Federation of Transport and Environment hefur losun frá flugsamgöngum í Evrópu tvöfaldast frá árinu 1990 og er hætt við að hún tvöfaldist eða jafnvel þrefaldist á alþjóðavísu fyrir árið 2050 ef ekkert er að gert.



Skattlagning eldsneytis fyrir flugferðir innan Norðurlanda yrði fordæmi fyrir ESB og önnur ríki heims. Skattlagning flugvélaeldsneytis er bæði fær leið og mikilvægt fyrsta skref í átt að því að draga úr losun frá flugsamgöngum.

Frá síðasta áratug liðinnar aldar hafa öll norrænu löndin lagt skatta á losun koldíoxíðs en flugvélaeldsneyti hefur verið undanþegið skatti. Skattlagning bifvélaeldsneytis en ekki flugvélaeldsneytis er augljós niðurgreiðsla flugrekstrar og getur ekki samrýmst stefnunni um forystuhlutverk á alþjóðavísu gegn hnattrænni hlýnun.

Chicago-sáttmálinn er sagður standa í vegi fyrir skatti á flugvélaeldsneyti en það er ekkert sem bannar löndum að komast að samkomulagi um skattlagningu. Tilskipun ESB um orkuskipti heimilrar aðildarríkjunum að leggja skatt á flugvélaeldsneyti í innanlandsflugi án takmarkana og í flugi milli aðildarríkja sem hafa komist að gagnkvæmu samkomulagi um slíkan skatt.

Norræn vinstri græn eru þeirrar skoðunar að Norrænu ráðherranefndinni beri að fara yfir hvernig haga megja norrænum flugskatti. Svíþjóð hefur þegar lagt á skatt og í Finnlandi hafa íbúar þrýst á skattlagningu flugvélaeldsneytis með því að safna meira en 50 þúsund undirskriftum og verður málið tekið fyrir á þinginu. Íslendingar, Grænlandingar og Færeyingar hafa sérstaka þörf fyrir flugsamgöngur og þarf að taka hana til greina við stefnumótunina. Þrátt fyrir það telja Norræn vinstri græn að samstarf um flugskatt hafi í för með sér norrænt notagildi. Í framtíðarsýn Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar felst að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Að kanna sameiginlegar lausnir varðandi flugskatt og verða bæði ESB og öðrum ríkjum heims fyrirmynd heitir að vera þar að borði sem þeir eru að orði.

Sjónarmið nefndarinnar

Eftir stutta munnlega kynningu á þingmannatillögunni á fundi nefndarinnar 29. apríl 2020 settu fulltrúar annarra flokkahópa fram eftirfarandi athugasemdir:

Jafnaðarmenn

Tillagan er góð en staðan vegna kórónukreppunnar vandar málið. Jafnaðarmenn lögðu til að nefndin ynni áfram með tillöguna eftir kórónukreppuna þegar vitað væri hvernig flugsamgöngur þróuðust. Kannski í haust?

Norræn vinstri græn

Lögðu til að því gefnu að nefndin gæti nýtt tímann í millitíðinni til undirbúnings málsins og til að taka saman yfirlit um stöðu mála.

Hægrimenn

Töldu að tímasetningin væri afleit fyrir slíka tillögu. Í Noregi gera menn hið gagnstæða og styðja við flugsamgöngur á allan hátt, en flugsamgöngur eru afar mikilvægar fyrir innanríkisamgöngur í Noregi. Auk þess ynni skattur á flug gegn markmiðinu um skipti yfir í umhverfisvænni flugsamgöngur því skattlagning leiddi til minni fjárfestinga í nýrri tækni/nútímavæðingu. Flokkahópur hægrimanna er á móti skaðlegri losun frá flugi og vill leggja áherslu á umhverfisvænt eldsneyti í staðinn.



Norrænt frelsi

Styður sjónarmið hægrimanna. Auk þess er neyðarviðbúnaður mikilvægari í augnablikinu.

Norrænt frelsi vildi afskrifa tillöguna á nefndarfundinum.

Til að kanna stuðninginn við tillöguna greiddi nefndin því atkvæði um tillöguna.

Fyrst fór fram atkvæðagreiðsla um hvort menn vildu aðhafast frekar með tillöguna eins og hún liggur fyrir eða að fara þess á leit við Norræn vinstri græn að þau legðu síðar fram endurbætta tillögu (atkvæði féllu 2 gegn 3).

Að því loknu fór fram atkvæðagreiðsla um hvort nefndin ætti að aðhafast frekar með tillöguna í einhverri mynd eða hvort alls ekki ætti að aðhafast frekar með tillöguna (atkvæði féllu 5 gegn 6).

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin taldi því að ekki skyldi aðhafast frekar með þingmannatillöguna.

Norðurlöndum, 29. apríl 2020

Anders Eriksson (ÅF)

Arman Teimouri (L)

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Helge André Njåstad (FrP)

Jaspar Langgaard (sb)

Lulu Ranne (saf)

Nils Aage Jegstad (H)

Orla Hav (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Mari Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Torhild Bransdal (KrF)

Ný tillögugrein

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandarád beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún kanni með hvaða hætti unnt sé að skattleggja flugvélaeldsneyti á Norðurlöndum og marki norræna stefnu til að draga úr losun frá flugsamgöngum á Norðurlöndum

Norðurlöndum, 24. júní 2021

Lorena Delgado Varas (V)

Freddy André Øvstegård (SV)